155. löggjafarþing 2024–2025.
Þingskjal 62 — 62. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar).

Flm.: Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Gísli Rafn Ólafsson, Guðbrandur Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 8. mgr. orðast svo:

Þegar Útlendingastofnun hefur hafnað umsókn ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis um alþjóðlega vernd á hann ekki rétt á þjónustu samkvæmt grein þessari.

b. 9. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 154. löggjafarþingi (113. mál) og er nú lagt fram að nýju óbreytt. Sú þjónustusvipting sem komið var á með lögum nr. 14/2023 í 8. mgr. 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, í mars 2023 hafði fyrirséðar alvarlegar afleiðingar fyrir hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd. Líkt og bent var á af hálfu stjórnarandstöðu vorið 2023 við þinglega meðferð frumvarpsins (382. mál) þá hefur ekki verið gengið úr skugga um að ákvæðið standist stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði mannréttinda. Um er að ræða óforsvaranlega meðferð á varnarlausu fólki, sem bitnar á þeim sem síst skyldi og er ekki lausn á neinum vanda. Flytjendur þessa frumvarps leggja því eindregið til að ákvæðinu verði komið í fyrra horf.